



Reykjavík, 23. janúar 2024
MSS23110146
ep

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um starfsemi Bjarkarhlíðar

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 11. janúar 2024, var meðfylgjandi fyrirspurn vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, sbr. 6. lið fundargerðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs sama dag.

Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Tilgangur Bjarkarhlíðar hefur frá upphafi verið að reka miðstöð fyrir fullorðið fólk sem hefur verið beitt ofbeldi, eins og fram kemur í samþykktum Bjarkarhlíðar, meðal annars með því að:

- Samhæfa þjónustu og úrræði fyrir þolendur ofbeldis á einum stað.
- Efla fræðslu, þekkingu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis, vera miðstöð upplýsinga og fræðslu um málefni sem tengjast ofbeldi og fylgjast með rannsóknum og nýjungum í málaflokknum.
- Bæta þjónustu fyrir hópa í samfélaginu sem aukin hættu er á að verði fyrir ofbeldi.
- Stuðla að þverfaglegri samvinnu aðila sem vinna með málaflokkinn m.a. með að búa til samstarfsvettvang opinberra aðila og frjálsra félagasamtaka sem eru með þjónustu við þolendur ofbeldis.
- Skapa hlýlegt og öruggt umhverfi þar sem þolendur ofbeldis mæta skilningi og þekkingu á aðstæðum sínum.

Í Bjarkarhlíð er boðið upp á viðtöl og ráðgjöf. Auk ráðgjafa Bjarkarhlíðar eru á staðnum lögregla og lögfræðingar. Öll þjónusta Bjarkarhlíðar er á forsendum þolenda og þeim að kostnaðarlausu.

Hefur verið gerð greining eða skoðun á fyrirtækinu nýlega, s.s. hversu margir sækja þjónustu í Bjarkarhlíð og þá hvernig?

Tvær úttektir hafa verið gerðar á Bjarkarhlíð.

Fyrri úttektin var gerð 2020 að ósk Reykjavíkurborgar. Hún var unnin af RIKK – Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum. [Hún er á vefsíðu Bjarkarhlíðar.](#)



Reykjavík



Seinni úttektin var gerð á öllum þolendamiðstöðvunum þremur að ósk Ríkislögreglustjóra. [Hún er á vefsíðu stjórnarráðsins.](#)

Upplýsingar um fjölda þeirra sem sækja þjónustu Bjarkarhlíðar ásamt ýmsum öðrum upplýsingum um starfsemina er að finna í [ársskýrslum Bjarkarhlíðar sem birtar eru á vefsíðu samtakanna.](#)

Hvar er mesta þörfin að mati forráðamanna?

Það er þörf fyrir vitundavakningu í samfélaginu um ofbeldi og áhrif þess.

Forvarnarstarf: Það þarf að vera fræðsla um ofbeldi og vanrækslu í skólum fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra/forráðamenn. Þar er einnig þörf á fræðslu til ungmenna um eðlileg og óeðlileg samskipti, mörk og samþykki.

Staðan í dag: Það er brýn þörf á að taka á ofbeldishegðun og leiðbeina þeim aðilum sem beita ofbeldi í úrræði þar sem þeir geta fengið stuðning til að breyta hegðun sinni.

Það er einnig brýn þörf á að endurskoða foræðis- og umgengnismál þegar grunur og/eða staðfesting er á því að foreldri beiti ofbeldi til að tryggja hagsmuni barna og reyna að koma í veg fyrir áfallahegðun berist milli kynslóða.

Er málum fylgt eftir með þolendum sem leita til Bjarkarhlíðar eins lengi og þeir telja þörf?

Bjarkarhlíð býður upp á lágþröskulda, áfallamiðaða ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum, 18 ára og eldri. Boðið er upp á samhæfða þjónustu á einum stað og hægt er að fá einstaklingsviðtöl þar sem boðið er upp á lögfræðilega ráðgjöf, félagslega ráðgjöf og stuðning. Einnig veitir lögreglan upplýsingar um ferli mála í réttarvörslukerfinu.

Það gæti verið kostur í sumum tilvikum að geta veitt brotapolum þjónustu til lengri tíma en sumir þjónustuþegar þurfa á langri áfallamiðaðri meðferð að halda. Samtök um kvennaathvarf og Stígamót eru aðilar að Bjarkarhlíð og þar er hægt að fá langtímastuðning. Ef ráðgjafi og þjónustuþegi meta að þörf sé á áfallameðferð eða öðrum stuðningi en þann sem Bjarkarhlíð getur boðið upp á þá er þeim leiðbeint um hvar þeir geta fengið þá þjónustu.

Bjarkarhlíð sendir út þjónustukönnun þremur vikum eftir fyrsta viðtal, sjá ársskýrslu frá 2022. Í henni kemur fram að 90% þeirra sem svöruðu könnuninni töldu þjónustuna vera í samræmi við sínar þarfir (gáfu 5 stjörnur af 5 mögulegum) og 8% gáfu 4 stjörnur við sömu spurningu.

Jenný Valberg
teymisstýra Bjarkarhlíðar

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir
stjórnarformaður Bjarkarhlíðar



Reykjavík



FYRIRSPURN

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Fulltrúi Flokks fólksins

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð 23. nóvember 2023: Fyrirspurn um starfsemi Bjarkarhlíðar

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um starfsemi Bjarkarhlíðar. Hvort hún er í samræmi við upphaflegt markmið? Hvort markmið og tilgangur hafi breyst í áranna rás og ef svo er þá hvernig? Hefur verið gerð greining eða skoðun á fyrirtækinu nýlega, s.s. hversu margir sækja þjónustu í Bjarkarhlíð og þá hvernig? Hvar er mesta þörfin að mati forráðamanna? Er málum fylgt eftir með þolendum sem leita til Bjarkarhlíðar eins lengi og þeir telja þörf? Bjarkarhlíð tók formlega til starfa 1. febrúar 2017. Bjarkarhlíð er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, Dómsmálaráðuneytis, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Samtaka um kvennaathvarf, Stígamóta, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kvennáráðgjafarinnar. Á vefsíðu kemur fram að Bjarkarhlíð er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Markmið er að veita stuðning, ráðgjöf og fræðslu um eðli og afleiðingar ofbeldis. Bjarkarhlíð býður áfallamiðaða ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum, 18 ára og eldri. MSS23110146